

ΔΚΓ

Fundur í Framkvæmdaráði Landssambands Delta Kappa Gamma

haldinn 26. ágúst 2000 kl. 9.30 – 16.30
í Fjölbautaskólanum í Garðabæ v. Skólabraut

Fundargerð

Fundinn sátu: Sigríður Jónsdóttir forseti landssambandsins og aðrar úr stjórn voru Elinborg Sigurðardóttir, Kristín Bjarnadóttir gjaldkeri og Sigrún Jóhannesdóttir lögsögumaður og fyrrverandi forseti. Frá deildum voru að auki formennirnir Margrét Harðardóttir, Alfa, Helga Thorlacius, Beta, Eygló Eyjólfssdóttir, Gamma, Jensína Valdimarsdóttir, Delta, Bolette Høeg Koch, Epsilon, Sigrún Árnadóttir, Zeta, Eyrún Gísladóttir, Eta og Guðbjörg Ingimundardóttir, Þeta, auk þeirra Guðrúnar Einarsdóttur gjaldkera Epsilon, Hildur Harðardóttur, gjaldkera Þeta, og Oddnyjar Björgvinsdóttur varaformanns Eta.

I. Framkvæmdaráðsfundur

1. Fundarsetning

Formaður, Sigríður Jónsdóttir, setti fund og bauð fundarkonur velkomnar. Hún kveikti á rauðum kertum og minntist einkunnarorða samtakanna, vináttu, trúmenntsku og hjálpssemi. Hún rakti síðan greinar úr lögum samtakanna er varða framkvæmdaráð.

2. Kynning stjórnar, nýrra formanna og gjaldkera

Fundarkonur kynntu sig og sögðu deili á sér, bæði varðandi hlutverk sín í samtökunum og viðkomandi deildum og önnur störf í daglegu lífi.

3. Orð til umhugsunar

Nokkrar fundarkonur höfðu undirbúið orð til umhugsunar:
Hildur Harðardóttir nefndi afrískt máltaeki: Það tekur heilt þorp að ala upp barn.
Eygló Eyjólfssdóttir minntist orða Þórarins Björnssonar, skólameistara MA: Vandi nútímans er vandi valsins. Áður var fábreytnin vandi en nú er það margbreytnin semærir og tætir.

Sigrún Jóhannesdóttir nefndi bókina Lesarann sem hún sagði koma öllum uppalendum við.

4. Fundargerð síðasta framkvæmdaráðsfundar

Fundargerðinni var dreift í fjarveru ritara.

5. Yfirlit yfir starfið s.l. ár.

(i) Fréttir frá deildum

Alfadeild. Sex fundir voru haldnir á síðastliðnu starfsári, þar af einn með öllum deildum. Fundirnir voru m.a. haldnir í Austurbæjarskólanum, Námsflokkunum, í húsakynnum Krabbameinsfélagsins og Heyrnar- og talmeinastöðinni og kynntust konurnar starfsemi þessara stofnana auk annarra efna. Formaður sagði veturinn

hafa verið skemmtilegan, boðið til annarra deilda um sameiginlegan fund hafa tekist vel og hvatti til meiri samskipta milli deilda.

Betadeild. Haldnir voru sjö fundir á árinu og þrír nýir félagar voru teknir inn.

Meðal þess efnis sem tekið var fyrir á starfsárinu var lestur sameiginlegrar bókar, menntun leikskólakennara og kulnun grunnskólakennara í starfi.

Gammadeild. Haldnir voru fundir í hverjum mánuði. Fastir liðir eru upphaldsfundur að hausti með ferð á listsýningu eða í listasafn, jólafundur þar sem kynnt er nýúkomin bók og inntaka nýrra félaga og vorferð út fyrir þéttbyli höfuðborgarsvæðisins. Viðfangsefni annarra funda var þema vetrarins:

Upplýsingatækni og fjarkennsla. Heimsóttir voru Kennaraháskólinn, Háskólinn í Reykjavík, fyrirtækið Oz og Salvör Gissurardóttir sérfræðingur í málefnum upplýsingatækni í forsætisráðuneytinu miðlaði af reynslu sinni og þekkingu.

Deltadeild. Fjórir fundir voru haldnir á árinu og var efni vetrarins tengt árþúsundamótunum. Fyrsti fundurinn var haldinn á söguslóðum Eiríks rauða og var þá kynnt vefsíða og kennslubók um það efni. Annar fundur var jólafundur og hinn þriðji var haldinn á Akranesi þar sem Harpa Hreinsdóttir kynnti aðferðir til að fá nemendur til að lesa fornbókmenntir. Starfinu lauk með fundi á Ytri Tungu á Snæfellsnesi.

Epsilondeild. Í Epsilon voru fundir fimm, færri en vant er vegna ófærðar. Á upphafsfundi kynntu konur námskeið er þær höfðu sótt, í nóvember var sóttur fundur í boði Alfadeilda og í mars var Hildur Hákonardóttir fyrirlesari um gerð ritsmíða en einnig um söguleg efni og nýtingu villtra jurta til manneldis. Fundir voru síðan haldnir í apríl og maí.

Zetadeild. Erfiðir fjallvegir hamla fundahöldum Zetakvenna á Austurlandi. Fjórir stjórnarfundir voru haldnir og þrír almennir fundir. Meðal efna sem voru rædd voru vandamál sem koma á borð skólasálfræðinga og starf heilbrigðisfulltrúa í skólum og leikskólum. Prír nýir félagsmenn gengu inn í deildina og þrír fóru út.

Etadeild. Deildinni er skipt í vinnuhópa sem hver sér um framkvæmd eins fundar á ári. Þema vetrarins var að kynna sér merkar konur. Fundirnir urðu fjórir alls, m.a. var einn þeirra haldinn á Kvennasögusafninu.

Petadeild. Þetakonur hafa farið um og heimsótt hver aðra á starfsvettvangi.

Fundirnir urðu alls fimm á starfsárinu. Meðal fundargesta var styrkþegi samtakanna sem lýsti mjög jákvæðri reynslu sinni.

(ii) Vorþingið 6. maí

Formaður ræddi vorþingið í maí og dreifði fundargerð. Menntamálanefnd sá um vorþingið í samvinnu við stjórn landssambandsins. Unnið er að gerð sérheftis með fyrirlestrum þingsins.

(iii) Fréttabréfið

Ritstjórn hefur lagt fram mjög gott starf en ritstjórar eru þær Ásta Lárusdóttir og Magnea Ingólfssdóttir. Auk fastra pistla frá öllum deildum sjá tvær deildir í einu um að leggja til efni (4 – 6 síður) í hvert hefti. Gamma- og Deltadeildir eru beðnar um að sjá um efni í haustfréttabréfið í ár. Efni þarf að skila fyrir 15. október.

(iv) Kynningarritið

Kynningarritið er tilbúið og á kynningarnefnd þakkir skildar fyrir frábært starf. Formenn eru beðnir um að taka eintök til allra félaga og aukafélaga til dreifingar. Hver deild metur til hverra hún dreifir því.

(v) Vefsíðan

Vefsíðan er vistuð í Austin í Texas. Nokkuð hefur verið rætt um hvaða upplýsingar skuli gefa á síðunni og að sinni eru nöfn félagskvenna, heimilisföng og netföng ekki vistuð þar. Ræða þarf í deildum hvort það verði gert.

Umræðum um fjármál og nefndir var frestað til 7. liðar.

6. Erlent samstarf

Formaður greindi frá alþjóðaþinginu í Toronto sem hún hafði sótt ásamt Sigrúnu Klöru Hannesdóttur og Herdísí Egilsdóttur. Sigrún flutti frábært erindi á þinginu og Herdís sá um fræðslufund. Í samtökunum eru um 150 þúsund konur og tvö þúsund þeirra sóttu ráðstefnuna. Skipulagið var frábært, aldrei skakkaði mínuðu í tímasetningum og mátti líta á þingið sem kennslustund í fundarskópum.

7. Starfið framundan

(i) Fjölgun félaga

Formaður gerði tillögu um að stefnt yrði að því að félagatala í samtökunum á Íslandi næði 200 á árinu 2000 og var því vel tekið.

(ii) Efling starfsins

Þessi liður fékk nánari umfjöllun á námstefnunni síðar um daginn.

(iii) Efling samskipta og samstarfs deilda

Rætt var um að miða að því að hver deild reyni að bjóða a.m.k. einu sinni á vetrinum annarri deildd á fund. Ennfremur þyrfti að huga að útbreiðslunefnd á næsta landssambandsþingi og hvar ætti að stofna nýjar deildir.

(iv) Nefndir

Formaður dreifði ljósriti með skrá yfir starfandi nefndir. Hún lagði fram tillögu um að skipuð yrði félaganefnd. Nefndin mundi m.a. fjalla um val og kynningu nýrra félaga og að kynna þeim starfsemi samtakanna. Í nefndinni sætu fulltrúar úr hverri deild. Dreift var bæklingnum Guidelines for Chapter Membership Committee Chairmen 2000 – 2002 og deildirnar voru beðnar um að kynna sér hann vel. Þá lagði hún til að menntamálanefnd fengi fulltrúa úr hverri deild til að auðvelda vinnu að sameiginlegum verkefnum. Ef til vill væri betra að kalla nefndina verkefranefnd.

(v) Útgáfumál

Efni vorpingsins verður birt í sérstöku riti. Æskilegt er að byggja upp hefð um slík sérrit.

(vi) Námstyrkjasjóður

Árgjaldið er orðið of lágt nú, 3000 kr. til landssambandsins. Formaður lagði til að árgjaldið yrði 5000 kr. Hún bað fundarkonur að hugleiða þetta vel og ákveða hvað ætti að fara til landssambandsins og hve mikið til deildanna til að hafa eitthvert svigrúm. Mál þetta þyrfti að ræða í hverri deild, bæði á stjórnarfundum og félagsfundum og taka svo ákvörðun á næsta landssambandsþingi.

Rætt var um að gera þyrfti lista yfir þær konur sem notið hafa styrkja frá Delta Kappa Gamma samtökunum og að lokum var minnt á mikilvægi þess að konur stæðu í skilum með árgjöldin.

(vii) Landssambandsþing 2001

Fljótega þarf að ákveða stað og stund og skipa nefndir til að sjá um undirbúning. Síðast var valinn tíminn um mánaðarmót apríl/maí. Frestur til að ákveða þetta er til 1. október og eru deildir beðnar um að álykta um málið og senda formanni.

(viii) Efling erlendra samskipta

Gera þarf átak í að efla erlend samskipti. Fréttabréf sem berast reglulega, s.s frá Evrópusamtökunum í rafpósti, verða áfram send formönnum sem munu sjá um að kynna efni þeirra á fundum.

(ix) Evrópuþing í Malmö 29. júlí – 4. ágúst 2001

Ástæða er til að hvetja konur til að fjölmenna á þingið. Í ferðanefnd hafa verið tilnefndar þær Ingibjörg Einarasdóttir, Gamma, og Jóhanna Þorsteinsdóttir, Beta. Eina konu vantar enn í nefndina.

(x) Evrópuþing í Reykjavík 2003

Búið er að panta húsnæði til fundahalda í Háskóla Íslands. Í undirbúningsnefnd eru þær Sigrún Jóhannesdóttir og Sigrún Klara Hannesdóttir. Síðar þarf að skipa fleiri nefndir til undirbúnings.

Hádegishlé.

II. Námstefna

1. Handbók formanna og stjórnar

Sigrún Jóhannesdóttir hefur ásamt Sigrúnu Klöru Hannesdóttur lokið við endurskoðun Handbókar fyrir formenn og stjórnir Delta Kappa Gamma á Íslandi. Handbókin kom fyrst út í tilraunaútgáfu árið 1998 og í henni eru dregnar saman á einn stað þær upplýsingar sem nauðsynlegar eru fyrir formenn og stjórnir deilda í samtökunum. Er þar m.a. fjallað um markmið og starfsemi samtakanna, heiti og tákni, skipulag og stjórnun, hlutverk formanna, stjórna og framkvæmdaráða, fjármál og hlutverk gjaldkera, útgefin rit og styrki og viðurkenningar.

Sigrún Jóhannesdóttir dreifði handbókinni, fór yfir hana með fundarkonum og bað formenn að koma athugasemdum og ábendingum til sín fyrir 1. nóvember n.k.

2. Lög og reglugerðir

Sigriður Jónsdóttir formaður fór yfir lög og reglugerðir samtakanna. Í gildi eru lög frá 1991 en á landssambandsþinginu 1999 voru lagðar fram tillögur að endurskoðuðum lögum og reglugerð sem bornar verða fram til samþykktar á næsta þingi. Formenn voru beðnar um að sjá til þess að fjallað yrði um drögin í deildunum og athugasemdum skilað skv. dreifibréfi til formanns laganefndar, Guðnyýjar Helgadóttur, fyrir 1. desember 2000.

3. Fjármál

Gjaldkeri, Kristín Bjarnadóttir, fór yfir fjármál samtakanna. Samkvæmt reglum alþjóðasamtakanna skal greiða árgjald í deildum eigi síðar en 31. október ár hvert og gera skil til gjaldkera landssamtaka eigi síðar en 10. nóvember. Skil til alþjóðasamtakanna skulu gerð eigi síðar en 10. janúar ár hvert. Gjaldkeri fór þess eindregið á leit við stjórnir deilda að ganga frá skilum á haustdögum eins og reglur mæla fyrir um.

4. Félagsstarfið – verkefni og umræður

Sigrún Jóhannesdóttir hélt stutt námskeið um félagsstarfið. Viðfangsefni námskeiðsins voru:

- Greining á hvötum þess að fólk gerist félagar í samtökum á borð við Delta Kappa Gamma
- Samskipti, hvernig finna megi og virkja nýja félaga
- Hvernig halda megi áhuganum vakandi
- Gildismat, hvaða gildismat er sameiginlegt fyrir félagsmenn?
- Aðferðir til að efla formenn og félaga og koma í veg fyrir félagamissi

Í umræðunum komu fram almenn heillaráð, s.s. að vera boðberar bjartsýni, vera alúðlegar, vinnusamar, hjálpa öðrum að standa sig og veita gott fordæmi. Helstu hvataþættir voru nefndir tækifæri til sköpunar, ánægjuleg mannleg samskipti, fróðleg kynni af nýjum sviðum og framtak til almannuheilla.

Ennfremur kynnti Sigrún leiðtogatíglunn, aðferð til að greina styrkleika og veikleika þeirra þátta sem mynda leiðtogaþæfileika, þ.e. næmi, framsýni, djörfung og veruleikaskynjun. Þá fór hún yfir skipulagningu gagna og önnur atriði er geta létt stjórnendum vinnu.

Fundi var slitið um kl. 16.30 er fundarkonur kvöddust með hvatningaróskum um gott og gifturíkt starf á vetri komanda.

Kristín Bjarnadóttir
fundarritari